

BORGARRÁÐ 29. apríl 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um aðkeypta þjónustu af verktökum á skóla- og frístundasviði - R21020055

Í svari við fyrirspurn Miðflokksins um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi kemur fram að á „Á skóla- og frístundasviði var keypt ýmis þjónusta af verktökum, stórum sem smáum á árinu 2020, hvort tveggja frá einstaklingum og fyrirtækjum. Enginn þeirra er þó í 100% verktakavinnu fyrir SFS né með starfsaðstöðu á starfsstöðvum sviðsins eða notar tól og tæki í eigu Reykjavíkurborgar.“ Fulltrúi Sósíalístafllokks Íslands óskar eftir því að fá nánari upplýsingar um þá aðkeypta þjónustu. Hvaða verkefni er verið að tala um? Fellur hluti af rekstri skólamötuneyta undir þetta, líkt og aðkeyptur matur í mötuneytin?